

6.10.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2018, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Almennt (gististarfsemi, dvalarheimili, heimavistir o.þ.h.)

Í grein 6.10.1 í byggingarreglugerð segir:

„Ákvæði 6.10. kafla gilda fyrir húsnæði þar sem rekin er gististarfsemi, svo sem hótél, gistiheimili, gistiskála og hvers kyns dvalarheimili og heimavistir, þ.m.t. stúdentagarða, hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, dvalarheimili og sjúkrahús.

Stærð og fjöldi lyfta skal taka mið af starfseminni, en þó ávallt uppfylla lágmarkskröfur þessarar reglugerðar um lyftur.

Gistiherbergi og baðherbergi þeirra sem ætluð eru hreyfihömluðum skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:


- Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra að íbúðar- og baðherbergjum skal minnst vera 0,80 m að breidd og 2,00 m að hæð.
- Baðherbergi skal uppfylla kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaða.
- Baðherbergishurð skal opnast út eða vera rennihurð.
- d. Innan bæði herbergis og baðherbergis skal vera hindrunarlaust athafnarými, a.m.k. 1,50 m að þvermáli eða 1,30 m x 1,80 m.
- Baðaðstaða skal vera þrepa- og þröskuldalaus.
- Í gistiherbergjum sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skal þannig gengið frá aðkomu að svölum að þröskuldur/kantur sé eigi hærri en 25 mm. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svala og garðdyra skal minnst vera 0,80 m og 2,00 m að hæð

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

Ástæða þess að baðherbergisdyr skulu opnast út eða vera rennihurðir í baðherberjum sem ætluð eru hreyfihömluðum er til þess að auðveldara sé að ná til einstaklinga sem eru liggjandi á gólfi baðherbergis af ýmsum ástæðum, (erfitt er að opna dyr á móti liggjandi manneskju). Sjá nánar um dyr í leiðbeiningu nr. 6.4.3 og 6.7.3.

Hindrunarlaust athafnarými að minnsta kosti 1,50 m að þvermáli eða 1,30 m x 1,80 m flötur skal vera fyrir framan baðherbergisdyr og dyr að gistiherbergi. Við hlið dyra lásamegin skal vera 0,50 m hindrunarlaust svæði.



Mynd 1. Dæmi um gistiherbergi með baðherbergi sem ætlað er hreyfihömluðum. Öll mál í mm

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	12.10.2012
2.0	2. breyting byggingarreglugerðar	5.7.2013
2.1	Stækkun á letri og ógildar tilvísanir teknar	26.6.2018
2.2		15.5.2019
2.3	Tilvísun tekin og yfirstrikaðar með gulu villur í greininni	16.10.2019
2.4	MVS breytt í HMS	6.2.2020
2.5	9. breyting byggingarreglugerðar. Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020
2.6	Nafnabreyting	9.3.2021